



FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR

# Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2017-2018

---

LOKASKÝRSLA VERKEFNISINS: STAFRÆN BORGARAVITUND

Þróunarverkefni unnið í:

Garðaskóli

Tengiliður vegna verkefnis:

Hildur Rudolfsdóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingtækni,

[hildurr@gardaskoli.is](mailto:hildurr@gardaskoli.is)

## Verkefnið í hnotskurn

Verkefnið „Stafræn borgaravitund“ var sett af stað til að auka þekkingu, færni og skilning kennara, foreldra og nemenda í 8. bekk á þeim raunveruleika sem fylgir því að búa í stafrænum heimi. Mikil breyting hefur orðið á samskiptamunstri í vinnuhópum, fjölskyldum og samfélaginu öllu með tilkomu snjalltækninnar en því geta fylgt áskoranir sem erfitt getur reynst að takast á við. Bæði er lítið til skólans og heimilanna í þeirri umræðu en báðir aðilar eru misvel í stakk búnir til að ræða við nemendur um þessi málefni.

Gengið var út frá níu viðmiðum ISTE (*International Society for Technology in Education*) um stafræna borgaravitund:

- **Aðgengi:** Full þátttaka í stafrænu samfélagi.
- **Verslun:** Kaup og sala á netinu.
- **Samskipti:** Rafræn umferð upplýsinga.
- **Læsi:** Þekking á því hvenær og hvernig viðeigandi er að nota stafræna tækni.
- **Siðferði:** Siðgæðisvitund sem búist er við af notendum stafrænnar tækni.
- **Lög og reglur:** Lög og reglur sem gilda um tækninotkun.
- **Réttindi og ábyrgð:** Réttindi og frelsi sem notendur stafrænnar tækni hafa og þær væntingar um ábyrga hegðun sem fylgja því.
- **Heilsa og velferð:** Líkamleg og sálræn heilsa í tengslum við notkun stafrænnar tækni.
- **Öryggi:** Varúðarráðstafanir sem hver og einn notandi þarf að gera til að tryggja öryggi sitt.

## Markmið verkefnisins

Helstu markmiða verkefnisins var að búa til vettvang umsjónarkennara, deildarstjóra og kennsluráðgjafa til að ræða verkefni og kveikjur tengdar stafrænni borgaravitund sem hægt væri að nýta í umsjónartímum með nemendum 8. bekkjar. Fundunum var einnig ætlað að styrkja umsjónarkennara í að takast á við þær umræður sem gætu komið upp með nemendum um ýmislegt sem tengist netnotkun og stafrænum heimi. Hægt er að nálgast þau verkefni sem unnin voru á Upplýsingatækniáskóla Garðaskóla:

[https://www.upplýsingataekni.com/stafræn\\_verkefni.html](https://www.upplýsingataekni.com/stafræn_verkefni.html)

## Framkvæmd verkefnisins

Umsjónarkennarar, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og deildarstjórar nemendamála komu fimm sinnum saman yfir skólaárið 2017-2018. Umsjónarkennarar tóku í kjölfarið þá umræðu/verkefni sem ákveðið var að vinna með inn í sína umsjónarhópa og deildu svo jákvæðum og neikvæðum upplifunum með hvor öðrum, meðal annars í gegnum hóp á Facebook.

## Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Upphaflega var gengið út frá því að verkefni yrðu unnin út frá hverju þema stafrænnar borgaravitundar (sjá upptalningu hér að ofan). Það kom þó fljótlega í ljós að sum þemu voru heppilegri og áttu meira við verkefnavinnu með þessum tiltekna aldurshóp nemenda. Mikil þörf var talin á að ræða um samskipti en einnig áhrif tækninnar á andlega og líkamlega heilsu. Því var fallið frá því að reyna að afmarka sig við ákveðið þema í hverju verkefni og leyfa þeim frekar að skarast fram og til baka. Verkefnin sem tilgreind eru á *Upplýsingatækniáskóla Garðaskóla* koma því inn á öll þemun, en mismikið. Fundir urðu líka færri en áætlað var í byrjun (fimm af níu) og því færðist meiri vinna á hendur kennsluráðgjafa- og deildarstjóra.

## Mat á verkefninu og ávinningur fyrir skólastarf

Takmarkað hefur verið gefið út af verkefnum á íslensku um stafræna borgaravitund. Verkefnin og aðföngin sem prófuð hafa verið af umsjónarkennurum í Garðaskóla eru núna aðgengileg öllum á Upplýsingatæknisíðu Garðaskóla: [https://www.upplysingataekni.com/stafraen\\_verkefni.html](https://www.upplysingataekni.com/stafraen_verkefni.html). Haldið verður áfram að vinna með þau í komandi nemendahópum og kennarar eldri árganga skólans geta einnig leitað í þessa verkefnakistu. Fleiri verkefni munu bætast við vefinn eftir því sem þau eru unnin.

---

24. júlí 2018    Hildur Rudolfsdóttir

# Aðgerðaráætlun þróunarverkefnis

Stafræn borgaravitund í 8. bekk skólaárið 2017-2018

<b>Verkefni</b>	<b>Stafræn borgaravitund</b>	Lýsing: Verkefninu er ætlað að auka þekkingu, færni og skilning kennara, foreldra og nemenda í 8. bekk á þeim raunveruleika sem fylgir því að búa í stafrænum heimi. Fundir umsjónarkennara með deildarstjórum og kennsluráðgjafa í tengslum við þemu um stafræna borgaravitund. Umræður og verkefni tengt þemunum tekin fyrir í umsjón í 8. bekk.
<b>Stjórnandi</b>	Hildur Rudolfsdóttir, kennsluráðgjafi Ásta Huld Henrysdóttir, deildarstjóri Tryggvi Már Gunnarsson, deildarstjóri	
<b>Uppfært</b>	30. júlí 2018	

VERKÞÁTTUR	UPPHAF	LOK	ÁBYRGÐAR- AÐILI	ÁÆTLUÐ ÚTKOMA	KOSTNAÐUR	EFTIRFYLGNI	STAÐA MÁLS	ATHUGA
Undirbúningur og hugmyndavinna, fundir umsjónarkennara, kennsluráðgjafa og deildarstjóra	15.8.2017	1.5.2018	HR, ÁHH, TMG	Þematengd verkefni	11 (5 X 7.500) = 412.500	HR		FIMM FUNDIR
Uppsetning og skipulag þemaþátta og funda umsjónarkennara	15.8.2017	1.9.2017	HR, ÁHH, TMG	Fundir með umsjónarkennurum dagsettir	Innifalið í rekstri skólans	HR		
Samverustund foreldra og nemenda (umsjónarkennarar), undirbúningur og viðvera	25.9.2017	23.10.2017	ÁHH, TMG	Verkefnavinna foreldra og nemenda, samskiptasáttmálar, marklínur ofl.	Innifalið í rekstri skóla	ÁHH, TMG		
Samverustund foreldra og nemenda (deildarstjóri og kennsluráðgjafi), undirbúningur og viðvera	25.9.2017	23.10.2017	ÁHH, TMG	Verkefnavinna foreldra og nemenda, samskiptasáttmálar, marklínur ofl.	Innifalið í rekstri skóla	ÁHH, TMG		
Úrvinnsla úr verkefnum og verkefnalýsingum fyrir miðlun	15.8.2017	1.5.2018	HR, ÁHH, TMG	Verkefnalýsingar og afrakstur verkefnisins aðgengilegt á vefsíðu.	11 X 12.000 = 132.000	HR		

Kostnaður samtals: 544.500 kr.